

Deltafundur 1 veturinn 2014-2015

Fysti fundur Deltadeildar haldinn 13. október 2014 kl. 18:00 í Grunnskólanum í Borgarnesi

Samveran hófst á því að Signý Óskarsdóttir skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi sagði okkur frá sér og skólanum. Hún flutti í Borgarfjörðinn árið 2004 og hóf nám á Bifröst. Hún sagði okkur stuttlega frá tildrögum þess að hún er búsett hér. Hún hefur fengist við ýmiss störf á Bifröst og tók við skólastjórarstarfinu í janúar síðastliðnum.

Hún sagði okkur frá starfsemi skólans og hvað er verið að fást við núna, - skóli á grænni grein, heilsueflandi skóli og uppbyggingastefnan.

Dagskrá fundarins:

1. Theodóra formaður setti fundinn og Sóley kveikti á kertum. Því næst var snætt kjúklingasalat
2. Þá var nafnakall og færðar kveðjur frá fjarverandi félögum. Vel var mætt á fundinn, 18 konur mættar
3. Theodóra las fundargerð síðasta fundar
4. Dagskrá vetrarins skoðuð, - lögð voru fram drög að dagskrá næstu tvo vetur. Umræður um dagskrána. Konur munu fá dagskrána senda í tölvupósti
5. Guðlaug var með orð til umhugsunar, hún sagði okkur frá því að hún hafi farið á Dale Carnegie námskeið hjá Símenntun eitt kvöld í haust og hafi hún átt að halda stutta ræðu. Hún ákvað að taka þemað „haustið“ og sagði okkur á skemmtilegan hátt frá kartöfluniðursetningu sinni og uppskeru
6. Umræður um að taka inn nýjar konur, Theodóra nefndi hvort við ættum að víkka örlítið út svæðið og bjóða konum frá Stykkishólmi á fund. Ákveðið var að bjóða Jóhönnu Guðmundsdóttur skólastjóra Tónlistarskóla Stykkishólms ásamt fleiri konum þaðan að koma á fund. Einnig ætlar Þrúður að tala við Elínu Hrund Kristjánsdóttur sóknarprest á Reykhólum. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri í Grunnskóla Borgarfjarðar hefur mætt á fund hjá okkur og verður henni boðið að ganga í Delta.
7. Önnur mál -
 - a) Félagsgjöldin voru rædd og ákveðið að við myndum hækka okkar gjald um 1000 kr, þannig að gjaldið í ár verður kr. 9000. Árgjald landsambandsins verður ekki hækkað í ár
 - b) Theodóra sagði frá því að hún hafi skoðað söngbækur frá Delta Kappa Gamma í sumar og sá að söngur hefur oft verið í hávegum hafður í félagsskapnum. Hún lagði til að meðan hún væri formaður yrði sungið á fundum og tóku konur vel í það og sungu tvö DKG-lög af blaði sem Theodóra kom með
 - c) Happraðtið var á sínum stað og fékk Sigrún vinninginn

Fundarritari: Theodóra Þorsteinsdóttir